

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands

fundargerð

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands haldinn í Þekkingarsetri Þingeyinga, föstudaginn 13. mars 2015 kl. 16:00. Mættir eru Hjörleifur Finnsson, Jón Halldór Guðmundsson, Halldór Valdimarsson, Ari Páll Pálsson, Sverrir Thorstensen, Aðalsteinn Örn Snæþórsson.

Hjörleifur bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á að hann stýrði fundi sjálfur og Aðalsteinn ritaði fundargerð, sem var samþykkt. Áður en gengið var til dagskrár óskaði Hjörleifur eftir breytingu á auglýstri dagskrá í þá veru að taka lagabreytingar fyrir á undan stjórnarkjöri. Ástæðan er sú að tillaga um lagabreytingar mun hafa áhrif á stjórnarkjör verði hún samþykkt. Þetta var samþykkt og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar. Hjörleifur flutti skýrslu stjórnar þar sem fram kom að frá síðasta aðalfundi hafi starfið verið með daufasta móti. Einn fundur stjórnar var á tímabilinu og sótt var um tvo styrki. Annar var til Vaxtarsamnings Norðausturlands og hinn til Eypings en hlaut hvorugur brautargengi. Fræðslustarfið var með hefðbundnum hætti. Að þessu sinni sá Ólafur K. Nielsen um að þjálfa landverði fyrir gönguferðir. Kvöldröltin gengu mjög vel og en yfir 200 manns fóru með landvörðum á fálkaslóðir. Ástæða velgenginnar er að miklu leyti tilkomin af því að í fyrsta skipti frá því Fálkasetur fór að standa að fálkafræðslu í samstarfi við þjóðgarðinn var fálkahreiður í Ásbyrgi. Auðvelt var að skoða það frá Eyjunni án þess að valda nokkurri truflun fyrir fálkann. Langa gönguferðin féll hins vegar niður vegna þátttökuleysis en veður var slæmt þann dag. Verið er að vinna í að gera heimasíðuna snjallsímavænni en ekki er ljóst hvenær því líkur. Stjórnarmenn tóku þátt í tveggja daga fálkaráðstefnu sem haldin var í Gljúfrastofu í október 2014 en markmið hennar var að aðilar sem stunda fálkarannsóknir á Norðurlöndum hittist, kynnist og læri hverjir af öðrum.

2. Reikningar. Sverrir Thorstensen lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Umsvif félagsins voru mjög lítil á síðasta ári og var aðeins greiddur einn reikningur frá síðustu reikningsskilum. Í árslok 2014 var 78.071 kr. til á reikningi félagsins.

Skýrsla stjórnar og reikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar. Eftirfarandir tillögur að lagabreytingum komu fram (nýjar tillögur eru skáletraðar).

3. grein sem hljóðar svo:

Tilgangur félagsins er að vera samstarfsvettvangur stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga um uppbyggingu og rekstur Fálkaseturs í Gljúfrastofu, sem miðlar vísindalegri þekkingu á fálka- og rjúpnastofninum til almennings, með það fyrir augum að þekking og virðing á fálkanum, rjúpunni og umhverfi þeirra aukist. Fálkasetrið stuðli að aukinni fuglaskoðun, skapi atvinnu og hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á samfélagið.

breytist og verður:

Félagið er samstarfsvettvangur stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga og hefur fjórþættan tilgang.

- *Fræðsla: Félagið hyggst nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til að fræða almennung um íslenska fálkann, lifnaðarhætti hans og tengsl við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpunna.*
- *Samfélag: Fálkasetrið stuðli að aukinni fuglaskoðun, skapi atvinnu og hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á samfélagið.*

- *Þekking: Fálkasetrið mun styðja við, standa að og hvetja til rannsókna á fálkanum og rjúpunni og safna saman og miðla heimildum um þau.*
- *Vernd: Fálkasetrið mun vinna að vernd íslenska fálkastofnsins og búsvæða hans.*

Til að ná þessum markmiðum er meðal annars stefnt að því að byggja upp og reka Fálkasetur á svæðinu, halda úti fræðsluferðum og heimasíðu.

Fálkasetur Íslands er tileinkað minningu Theodórs Gunnlaugssonar frá Bjarmalandi og það mun halda á lofti framlagi hans til aukinnar þekkingar almennings á náttúru Íslands.

Breyting á 3. grein var samþykkt samhljóða.

5. grein sem hljóðar svo:

Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi og skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Tilnefna Vatnajökulsþjóðgarður og Náttúrustofa Norðausturlands einn stjórnarmann hvor um sig. Skal annar þeirra gegna starfi formanns og hinn varaformanns og skal úr því skorið á aðalfundi, að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Aðalfundur kýs þrjá stjórnarmenn og tvo varamenn. Þriðja varamanninn tilnefnir Náttúrufræðistofnun Íslands. Formaður boðar stjórnarfundir þegar þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Varamenn skulu boðaðir á alla fundi og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar. Daglega umsjón félagsins, innheimtur og greiðslur annast starfsmaður félagsins en stjórn ef enginn starfsmaður er.

breytist og verður:

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Aðalfundur kýs þrjá stjórnarmenn og tvo varamenn. Vatnajökulsþjóðgarður og Náttúrustofa Norðausturlands skipa hvor um sig einn stjórnarmann og Náttúrufræðistofnun Íslands einn varamann. Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður boðar stjórnarfundir þegar þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Varamenn skulu boðaðir á alla fundi og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar. Daglega umsjón félagsins, innheimtur og greiðslur annast starfsmaður félagsins en stjórn ef enginn starfsmaður er.

Breyting á 5 grein var samþykkt samhljóða.

4. Kosningar. Skipanir stofnana eru sem hér segir: Í stjórn frá Vatnajökulsþjóðgarði, Hjörleifur Finnsson, í stjórn frá Náttúrustofu Norðausturlands, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og í varastjórn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Ólafur Karl Nielsen. Aðrir menn í stjórn voru kjörnir Jón Halldór Guðmundsson, Ari Páll Pálsson og Sverrir Thorstensen. Varamenn voru kosnir Guðlaugur Aðalsteinsson og Daði Lange.

Félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga voru Halldór Valdimarsson og Pétur Halldórsson.

5. Önnur mál.

1. Tengsl Fálkaseturs við Peregrine Fund. Sverrir rakti samskipti sín við fulltrúa Peregrine Fund sem kom á fálkaráðstefnuna í Gljúfrastofu í haust. Vonast er til að Peregrine Fund geti með einhverjum hætti stutt við Fálkasetur Íslands en ekkert er þó fast í hendi enn.